

4. gr.

Heimilt er að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn um það berst og aðstæður krefjast.

5. gr.

Heimilishjálp sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1983 skal greidd eftir þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi
nr. 420 8. júlí 1982.**

6. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3,0%
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2,4%
3. Tveggja hæða fjölbýlishús	2,0%
4. Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	1,0%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,0%
6. Iðnaðarhús, vörugeymsla og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
7. Opinberar byggingar	3,0%
8. Bílgeymslur	3,0%
9. Önnur hús	1,0%

Gjald af húsnæði öðru en bifreiðageymslum skal þó aldrei vera lægra en sem svarar 300m³.

Auk þessara gjalda skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 60,00 af hverjum fermetra lóðar.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms hrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1983,

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.